

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík, 8. júlí 2022  
UST202206-111/A.Þ.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Eldisstöð að Laugum - Rangárþing ytra**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 10. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir eldisstöð að Laugum.

Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til 6 ha svæðis sem er afmarkað í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sem iðnaðarsvæði, I9. Á svæðinu er fiskeldi. Þar eru nú þegar 7 byggingar og núverandi byggingarmagn er 1.250 m<sup>2</sup>. Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt byggingarmagn verði 4.500 m<sup>2</sup>. Til stendur að byggja yfir svæði þar sem eldiskör standa og byggja viðbyggingar og mannvirki sem tengjast starfsemi fiskeldisstöðvarinnar.

### **Umfang**

Umhverfisstofnun telur að í deiliskipulagi ætti að taka fram hvert leyfilegt umfang starfseminnar er og bendir á að í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 segir um svæði I9, Laugar, að umfang starfsemi og nánari útfærsla og skilmálar verði sett í deiliskipulagi.

### **Fráveita**

Á skipulagsupprætti má sjá að eldisstöðin stendur nærri bökkum Þjórsár en frárennslið rennur í læk áður en það rennur í Árnaskvísl og þaðan í Þjórsá. Umhverfisstofnun telur að gera mætti betur grein fyrir fráveitu og hreinsun fráveituvatns í deiliskipulagstillögu.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns ætti frekar að nota orðið fráveita í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum. Þá ætti að tala um rotþró og siturlögn eða það sem betra er, hreinsivirki, sem nær yfir allan búnað til hreinsunar á skólpi.

### **Vatnstaka**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í tillögunni sé fjallað um hversu mikið vatn stöðin mun nota að jafnaði. Umhverfisstofnun bendir á, ef áform eru um aukna vatnstöku, að vatnstaka er háð leyfi Orkustofnunar skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

### **Úrgangur**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í tillögunni sé fjallað um meðhöndlun úrgangs sem fellur til í stöðinni.

Stofnunin telur alla endurnýtingu úrgangs jákvæða og telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og vísar í stefnu stjórnvalda sem kom út í júní 2021 og nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi* en með henni er stefnt að því að hætta alfarið urðun lífræns úrgangs.

Umhverfisstofnun bendir á að fastefni sem síast úr hreinsikerfum frárennslis fiskeldis er að mestu næringarefni köfnunarefnis og fosfórs en næringargildi þess er talsvert og því hentugt til endurnýtingar. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar<sup>1</sup> til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna úr frárennslis og bendir stofnunin á mikilvægi þess að efnið sé endurnýtt eins og kostur er.

### **Umhverfismat**

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 segir: „Við gerð deiliskipulags skal meta áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásjón, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.“ Einnig segir að áætla skuli áhrif af mengun og lykt, t.d. frá iðnaði og þauleldi, o.fl. eftir atvikum. Gera skal grein fyrir matinu og niðurstöðu þess í greinargerð deiliskipulagsins. Jafnframt skal því lýst hvernig skipulagið samræmist markmiðum skipulagsreglugerðar, sbr. 1.1. gr. og markmiðum deiliskipulags, sbr. 5.1.1. gr. Ef í ljós kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir eða starfsemi geta haft neikvæð áhrif á umhverfið skal gera breytingar á deiliskipulagstillögunni til að draga úr hinum neikvæðu áhrifum eða rökstyðja af hverju það er ekki gert. Setja skal skilmála um vöktun áhrifa og um hvernig bregðast eigi við umhverfisvandamálum eftir því sem þörf er á. Þegar deiliskipulag fellur undir lög um umhverfismat áætlana skal umhverfismatið gert á grundvelli þeirra laga.

Að mati Umhverfisstofnunar eru helstu áhrifaþættir fiskeldis á landi vatnstaka, fráveita og úrgangur og því ætti að gera grein fyrir þeim í umhverfismatsskýrslu deiliskipulagsins.

### **Árbakki**

Þar sem skipulagssvæðið nær út fyrir árbakka Þjórsár bendir Umhverfisstofnun á 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 en þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur.“

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

---

<sup>1</sup> [Leiðbeiningaskjal \(umhverfisstofnun.is\)](http://leiðbeiningaskjal.umhverfisstofnun.is)